

Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla 17. September 2015

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs
3. Ársreikningar
4. Kosning í stjórnir og ráð
5. Önnur mál
6. Hópastarf og kaffi

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Vaka Óttarsdóttir setti fundinn og mælti með sjálfri sér sem fundastjóra og Erlu Rán Kjartansdóttir sem ritara. Engar athugasemdir gerðar. Stjórn Foreldrafélagsins kynnti sig. Á fundinn voru mættir um 50 foreldrar.

2. Skýrsla stjórnar og skólaráðs

Vaka kynnti skólaráð og störf Foreldrafélagsins. Foreldrafélagið beitti sér í ýmsum málum með góðum árangri.

Vaka kynnti Facebook síður sem hver árgangur á og mælti með að fólk stýrði aðgangi sínum í Mentor þannig að foreldrar ættu auðvelt með að sjá upplýsingar um bekkjarfélaga barna sinna. Í vor sendi Foreldrafélagið ályktun um fasta veru Naustastjarnar í húsi Naustaskóla sem sneri að því að skólalóðin yrði kláruð sem fyrst. Aðalfundurinn samþykkti einróma að gera nýja ályktun um brýna nauðsyn þess að klára bílastæði og skólalóðina. Sú ályktun verður send á bæjarfulltrúa. Vaka lauk liðnum á að segja frá því hvað er framundan hjá Foreldrafélaginu.

3. Ársreikningar

Áshildur gjaldkeri fór í gegnum ársreikning félagsins og greindi frá í hvað peningum hefur verið varið og hvernig staðan er í dag. Hún sagði frá mistökum þar sem millifærðar voru 200.000kr. útaf af reikningi Foreldrafélagsins í stað ferðareikningi 10. bekkjar. Til að leiðrétta þessi mistök hefur Áshildur sent tölvupóst á foreldra 10. bekkjar þar sem hún greinir frá þessum mistökum og biður foreldra að koma á móts við Foreldrafélagið og greiða að hámarki 3000kr. til baka. Á reikningi 10. bekkjar voru 70.000kr. í afgang sem renna til Foreldrafélagsins. Foreldrafélagið hefur ákveðið að 30.000kr. af þessari upphæð renni til 10. bekkjar sem styrkur frá félaginu. Eftir standa um 55.000kr. sem skólinn ætlar að greiða til baka þar sem þetta voru að hluta til mistök skólans.

Ákveðið var að árgjaldið yrði það sama og í fyrra, 2000kr. á heimili. Reikningar verða fljótlega sendir í heimabanka foreldra.

Ársreikningar voru samþykktir samhljóða og tveir skoðunarmenn reikninga kjörnir:

4. Kosning stjórnar og skólaráðs

Allir stjórnarmenn buðu sig fram til áframhaldandi starfa í Foreldrafélaginu. Tveir nýir stjórnarmeðlimir bættust í hópinn.

Stjórn foreldrafélags Naustaskóla 2015 – 16

Vaka Óttarsdóttir

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Erla Rán Kjartansdóttir

Sigríður Ingólfssdóttir

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir

Fanney Bergrós Pétursdóttir
Sólveig Styrmisdóttir
Martha Lilja Marthensdóttir Olsen
Sigrún Sigurðardóttir
Valgý Arna Eiríksdóttir
Claudia Lobindzus
Berglind Elly Jónsdóttir
Ingibjörg Þórðardóttir

Fulltrúar í skólaráð 2015-2016

Vaka Óttarsdóttir

Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Varamenn: Helga Jóhannsdóttir og Marta Lilja Marteinsdóttir Olsen

5. Önnur mál

Foreldri kom með þá uppástungu að fjármálin í kringum ferðalag 10. bekkjar yrðu notuð í lífsleiknikennslu. Margir tóku undir þessa góðu uppástungu og sköpuðust umræður um fjármálalæsi nemenda.

6. Hópastarf

Foreldrar settust í hópa eftir árgöngum og skipulögðu bekkjarkvöld vetrarins. Skipulagið verður sett inn á Facebook síðu hvers árgangs. Aðalfundurinn samþykkti einróma að í vetur fær hver árgangur 10.000kr til afnota fyrir eitt bekkjarkvöld.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundaritari Erla Rán Kjartansdóttir